



Friðlýsingar 2011

Skýrsla Umhverfisstofnunar til
umhverfiráðherra um vinnu við
friðlýsingar á árinu 2011



UMHVERFISSTOFNUN

2012

FRÍÐLÝSINGAR 2011

Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra um
vinnu við friðlýsingar á árinu 2011

TEXTI

Anna Kristín Ólafsdóttir

UMBROT

Einar Guðmann

FORSÍÐUMYND

Frá undirritun friðlýsingar Kalmanshellis

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2012



UMHVERFISSTOFNUN

UMHVERFISSTOFNUN
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

SÍMI 591 2000
SÍMBRÉF 591 2010
umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is



Efnisyfirlit

I. Inngangur	7
II. Nýjar friðlýsingar á árinu 2011	8
III. Endurskoðaðar friðlýsingar	13
IV. Friðlýsingar á náttúruverndaráætlun í virkri vinnslu	14
V. Friðlýsingar utan náttúruverndaráætlunar í virkri vinnslu	15
VI. Friðlýsingaráform í bið	18
VII. Hindranir í friðlýsingum	18
VIII. Lokaorð	18



I. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning að friðlýsingu landsvæða og tegunda í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin gefur umhverfisráðherra yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar tvisvar á ári. Upp úr miðju ári er ráðherra send áfangaskýrsla um stöðu friðlýsinga og að almanaksárinu loknu er gefin út heildstæð skýrsla um friðlýsingar á viðkomandi ári. Hér er um að ræða endanlega skýrslu til ráðherra fyrir árið 2011.

Frumkvæði að friðlýsingu svæðis getur komið úr ýmsum áttum. Með samþykkt náttúruverndaráætlunar koma fram áherslur Alþingis og umhverfisráðherra um friðlýsingar, en einnig koma óskir þess efnis frá sveitarfélögum, landeigendum og félagasamtökum. Grunnforsenda þess að friðlýsingaferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar séu áhugasamir um verkefnið og að gott samstarf takist við þá. Í núgildandi lagaumhverfi eru það einkum sveitarfélög sem fara með skipulagsvaldið og landeigandi viðkomandi svæðis, sem skv. eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar fer með umráðarétt yfir því. Því er það mikill kostur ef gert er ráð fyrir friðlýsingaráformum í skipulagi viðkomandi sveitarfélags, þ.e.a.s. að skipulagsvinna, samráð við landeigendur um landnotkun og friðlýsingaráform séu tvinnuð saman, enda afar erfitt að nálgast aðila með tillögu að friðlýsingu svæðis þegar gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir allt annarri notkun. Af sömu ástæðu er einnig mikilvægt að grípa þau tækifæri sem gefast þegar sveitarfélög og landeigendur hafa frumkvæði að friðlýsingu svæða sem hafa ótvírætt náttúruverndargildi. Var það gert í auknum mæli á árinu 2011. Við forgangsröðun friðlýsinga hefur verið leitast við að að greina tækifæri og hindranir, virkja frumkvæði sveitarfélaga og einkaaðila í friðlýsingarferlinu, og nýta betur sérþekkingu starfsmanna Umhverfisstofnunar úti á landi.

Unnin var greining á því hver svæðanna á heildarfriðlýsingarlistanum væru líklegust til árangurs og þeim raðað í þrjá flokka: þau sem mestur áhugi virtist vera á að friðlýsa, þau sem eru í virkri vinnslu en hægar ganga, og þau svæði þar sem lítill eða enginn áhugi virðist vera á friðlýsingu. Á listunum þremur eru bæði svæði af náttúruverndaráætlun og svæði sem tilnefnd hafa verið af öðrum aðilum en ríkisvaldinu, þ.e. sveitarfélögum og landeigendum. Listarnir hafa verið uppfærðir mánaðarlega og sendir stjórnendum, bæði innan Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins. Hefur tilraunin gefist ágætlega, en sjö nýjar friðlýsingar litu dagsins ljós á árinu og fjórar voru endurskoðaðar eða endurskrifaðar.

Við undirbúning friðlýsinga aflar Umhverfisstofnun ávallt upplýsinga og álits hjá öðrum fagstofnunum, svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands og/eða náttúrustofu viðkomandi landsvæðis. Eins og lög gera ráð fyrir hefur stofnunin samstarf við viðkomandi sveitarfélög, landeigendur og aðra hagsmunaaðila um undirbúning friðlýsingar. Haldinn var mikill fjöldi kynningarfundar á árinu 2011 í þessum tilgangi. Á fundunum var farið yfir hver markmið verndunar eru og hvaða takmarkanir og tækifæri friðlýsingin kann að hafa í för með sér fyrir landeigendur, hagsmunaaðila og almenning, svo sem varðandi verndarráðstafanir, veiðirétt og markmið um umferðarétt almennings á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur í störfum sínum ríka áherslu á að undirbúningur friðlýsingar er samráðsferli og að friðlýsingardrög séu umræðugrundvöllur fyrir þá aðila sem að friðlýsingunni koma, en ekki endanlegur texti friðlýsingarskilmála. Eftir atvikum er getið um nauðsynlegar framkvæmdir, þ.á.m. lagningu göngustíga, útsýnispalla eða annarra aðgerða sem tryggja eiga að almenningur geti notið þeirra náttúruminja sem verið er að friða.

Ef upp kemur sú staða að Umhverfisstofnun nær ekki samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um friðlýsingu og það er álit stofnunarinnar og fagstofnana t.d. Náttúrufræðistofnunar Íslands að brýnt sé að friðlýsa viðkomandi náttúruminjar skal málinu vísað til meðferðar hjá umhverfisráðherra.

II. Nýjar friðlýsingar á árinu 2011

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir þeim svæðum sem friðlýst hafa verið á árinu:

Ný friðlýst svæði

Svæði sem voru friðlýst 2011	Tillaga að friðlýsingu	Staðfesting
Andakíll (Hvanneyri), stækkun	Umhverfisráðuneytið/landeigendur	2. febrúar 2011
Hálsar- búsvæði tjarnarklukku	Náttúruverndaráætlun/Djúpavogshreppur	10. febrúar 2011
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	22. júní 2011
Hverfjall	Umhverfisstofnun/landeigendur	22. júní 2011
Langisjór, Eldgjá og nágrenni	Náttúruverndaráætlun	12. júlí 2011
Kalmanshellir	Árni B. Stefánsson og landeigendur í Kalmanstungu	19. ágúst, 2011
Viðey í Þjórsá	Landeigendur	24. ágúst, 2011

Andakíll (Hvanneyri) – stækkun

Fyrsta friðlýsing ársins var undirrituð á Hvanneyri 2. febrúar. Hvanneyri var fyrst friðlýst árið 2002 en á þessu ári var búsvæðið stækkað verulega og fékk nafnið Andakíll. Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi fjölbreytts votlendis og búsvæða blesgæsa og fjölda annarra fuglategunda og að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Stefnt er að því að svæðið verði Ramsar svæði.

Andakíll: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	2. febrúar
Tegund friðlýsingar	Friðland – búsvæði fugla
Verndarandlag	Fjölbreytileiki votlendis og fuglategunda, mikilvægur viðkomustaður blesgæsar. Mögulegt Ramsarsvæði
Beiðni um friðlýsingu	Umhverfisráðuneytið
Stærð svæðis	3086 hektarar
Landeigendur (höfðu frumkvæði að friðlýsingu)	Eigendur jarðanna Hvanneyrar Hvitárvalla, Grímarsstaða, Heggstaða, Báreksstaða, Vatnshamra, Ausu, Neðri-Hrepps, Innri-Skeljabrekku, Ytri-Skeljabrekku, Árdals, Grjóteyrar, Grjóteyrartungu og Skógarkots
Sveitarfélag	Borgarbyggð

Enn fremur er markmið friðlýsingarinnar að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði fugla og votlendi. Með friðlýsingunni er einnig tryggt aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu. Verkefnið var einstaklega ánægjulegt í vinnslu, frumkvæðið kom frá landeigendum sjálfum og skipti þar ekki litlu framganga og forsvar Ragnhildar Helgu Jónsdóttur, bónda á Ausu og umhverfisfræðings. Einnig var mikið og farsælt samstarf við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri í vinnunni við stækkun verndarsvæðisins. Sannaðist þar hversu miklu skiptir að leiðtogar heima í héraði taki utan um friðlýsingarverkefni, haldi þeim lifandi og leiði þau í höfn í samvinnu við Umhverfisstofnun



ANDAKÍLL

Hálsar – búsvæði tjarnarklukku

Það sama var uppi á teningnum í næstu friðlýsingu, friðlýsingu Hálsa á Djúpavogi sem búsvæðis tjarnarklukku. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands tjarnanna á Hálsum og styrkja verndun ein þekktu búsvæðis tjarnarklukku hér á landi ásamt öðru lífríki svæðisins. Það er gaman að segja frá því að þetta er fyrsta friðlýsing búsvæðis skordýrs á Íslandi. Það er ekki síður skemmtilegt að greina frá því hvernig sveitarstjórnarmenn unnu að þeirri friðlýsingu af elju og áhuga, en í nýju aðalskipulagi Djúpavogs eru sérstaklega tilgreind svæði sem sveitarfélagið hefur áhuga á að friðlýsa. Þau vinnubrögð eru til fyrirmyndar, enda friðlýsing í eðli sínu ákvörðun um ákveðna landnotkun, ekkert öðru vísi en ákvörðun um lagningu vegar eða byggingu mannvirkis.

Hálsar: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	10. febrúar
Tegund friðlýsingar	Friðland – búsvæði tjarnarklukku
Verndarandlag	Viðhald náttúrulegra tjarna, eina þekktu búsvæðis tjarnarklukku á Íslandi
Beiðni um friðlýsingu	Náttúruverndaráætlun
Stærð svæðis	146 hektarar
Landeigandi	Eigendur jarðarinnar Strýtu og Djúpavogshreppur
Sveitarfélag (hafði frumkvæði að friðlýsingu)	Djúpavogshreppur



TJARNARKLUKKA

Dimmuborgir og Hverfjall (Hverfell)

Þann 22. júní undirritaði umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, friðlýsingu tveggja mikilvægra svæða í Skútustaðahreppi, Dimmuborga og Hverfjalls (Hverfells). Dimmuborgir og Hverfjall (Hverfell) voru friðlýst sem náttúruvætti og er markmiðið með friðlýsingu þeirra er að varðveita sérstakar jarðmyndanir svæðanna vegna mikils fræðslugildis og útivistargildis.

Þetta voru fyrstu friðlýsingar á Mývatnssvæðinu eftir að lögum um vernd Mývatns og Laxár var breytt árið 2004, en í kjölfarið tók Umhverfisstofnun saman skýrslu yfir þau svæði sem hún taldi nauðsynlegt að vernda sérstaklega. Dimmuborgir og Hverfjall (Hverfell) eru á meðal þeirra svæða og gekk undirbúningur að friðlýsingu þeirra gengið einstaklega vel. Stofnaður var samstarfshópur landeigenda, sveitarstjórnar, umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar sem lagðist á eitt að klára friðlýsingarnar fyrir háannatímamann til að geta tryggt aukna landvörslu og verndaraðgerðir á svæðinu strax í sumar. Samstarf þessara aðila um friðlýsingar fleiri svæða í Skútustaðahreppi er nú í gangi.



HVERFJALL/HVERFELL

Hverfjall/Hverfell: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	22. júní
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Sérstæðar jarðmyndanir - 2500 ára gamall hringlaga öskugígur – fræðslu- og útivistargildi
Beiðni um friðlýsingu	Umhverfisstofnun
Stærð svæðis	312,72 hektarar
Landeigandi	Eigendur jarðarinnar Voga
Sveitarfélag	Skútustaðahreppur



DIMMUBORGIR

Hverfjall (Hverfell) er í eigu jarðarinnar Voga en Dimmuborgir í umsjón Landgræðslu ríkisins. Umsjón Hverfjalls verður á hendi Umhverfisstofnunar en gerður verður sérstakur samningur við Landgræðsluna um umsjón og rekstur Dimmuborga. Að auki mun verða skipuð sérstök ráðgjafarnefnd um svæði í Mývatnssveit sem friðlýst eru skv. lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Ráðgjafarnefndin verður Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Í nefndinni mun sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af Skútustaðahrepp og einn fulltrúi skipaður af Náttúrustofu Norðausturlands. Auk þess skal skipaður einn fulltrúi fyrir hönd herrar jarðar innan friðlýstra svæða í Skútustaðahreppi. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar. Áður en til friðlýsingar kom samþykkti ríkisstjórnin 5 milljóna króna fjárveitingu í verkefnið, en það er sjaldgæft ef ekki óþekkt að slíkt hafi gerst í sögu friðlýsinga á Íslandi. Ber að fagna því sérstaklega enda telur Umhverfisstofnun að það sýni vilja til varðveislu og viðhalds svæðisins í verki.

Dimmuborgir: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	22. júní
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Sérstæðar jarðmyndanir – fræðslu og útivistargildi
Beiðni um friðlýsingu	Landgræðsla ríkisins
Stærð svæðis	312,72 hektarar
Landeigandi	Eigendur jarðarinnar Voga
Sveitarfélag	Skútustaðahreppur



FRÁ UNDIRRITUN FRIÐLÝSINGAR KALMANSHELLIS

Kalmanshellir

Næsta friðlýsing var friðlýsing Kalmanshellis föstudaginn 19. ágúst. Að þessu sinni kom frumkvæðið að friðlýsingu frá Árna B. Stefánssyni hellaáhugamanni og landeigendum í Kalmanstungu. Hellakerfið var friðlýst sem náttúruvætti og er um 4 km langt. Með friðlýsingu Kalmanshellis er leitast við að vernda hellinn, hinar einstæðu jarðmyndanir hans, einkum dropsteinamyndanir, og hellakerfið allt. Friðlýsingarskilmálarnir voru sérstakir að því leyti að ekki voru gefin upp nákvæm hnit hellisins, enda takmarkanir á aðgangi að hellinum, sérstaklega viðkvæmasta hluta hans.

Kalmanshellir: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	19. ágúst
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Hellirinn og sérstakar jarðmyndanir hans, þ.m.t. óvenju glæsileg og löng hraunstrá
Beiðni um friðlýsingu	Árni B. Stefánsson og landeigendur í Kalmanstungu I og II
Stærð svæðis	Hellakerfið allt, um 4 km og það land sem yfir því er, auk 100 m jaðarsvæðis umhverfis hellinn
Landeigandi	Eigendur jarðanna Kalmanstungu I og II
Sveitarfélag	Borgarbyggð

Viðey í Þjórsá

Þann 24. ágúst var Viðey í Þjórsá friðlýst. Viðey er sérstök, m.a. fyrir þær sakir að vegna árinna í kring er þar að finna lítt snortinn og gróskumikinn birkiskóg sem vaxið hefur án teljandi áhrifa mannsins. Þá hefur friðlýsingin í för með sér að ef af virkjunum verður í neðri Þjórsá mun Umhverfisstofnun sjá til þess að friðlandið verði girt af til að vernda lífríki svæðisins fyrir mönnum og dýrum og viðhald þeirrar girðingar. Umhverfisstofnun undirbjó friðlýsinguna að ósk landeigenda.




Viðey í Þjórsá: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	24. ágúst
Tegund friðlýsingar	Friðland
Verndarandlag	Náttúrulegur, lítt snortinn birkiskógur ásamt því lífríki sem honum fylgir, erfðaeiginleikum og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs í eyinni. Vísinda- og fræðslugildi.
Beiðni um friðlýsingu	Landeigendur Stóra-Núps
Stærð svæðis	3,37 hektarar
Landeigandi (hafði frumkvæði að friðlýsingu)	Eigendur jarðarinnar Stóra-Núps
Sveitarfélag	Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Langisjór, Eldgjá og nágrenni

Þó Umhverfisstofnun hafi ekki komi að undirbúningi þeirrar friðlýsingar er talið rétt að halda því til haga að þann 12. júlí gaf umhverfisráðuneytið út reglugerð til staðfestingar á stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem felur í sér friðlýsingu Langasjávar, hluta Eldgjár og nágrennis. Innan þeirra svæða sem reglugerðin tekur til eru náttúruminjar sem taldar eru hafa mikið gildi á heimsvísu, auk hins háa útivistar-, fræðslu- og vísindagildis þeirra. Stækkun þjóðgarðsins tekur til tveggja svæða á Náttúruverndaráætlun 2009-2013, samtals um 420 km².



LANGISJÓR

Langisjór, hluti Eldgjár og nágrennis: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	12. ágúst
Tegund friðlýsingar	Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs
Verndarandlag	Náttúruminjar á heimsvísu. Vísinda-, útivistar- og fræðslugildi
Beiðni um friðlýsingu	Náttúruverndaráætlun
Stærð svæðis	420 km ²
Sveitarfélag	Skaftárhreppur

III. Endurskoðaðar friðlýsingar

Þessu til viðbótar voru á árinu 2011 gerðar breytingar á friðlýsingarskilmálum eftirfarandi svæða eða þær endurskoðaðar í ljósi nýrra aðstæðna en það eru Böggvistadafjall (auglýsing Nr. 265/2011), Einkunnir (auglýsing Nr. 319/201), Ósland (auglýsing Nr. 264/2011) og Surtsey (auglýsing Nr. 468/2011). Friðlýsingarnar voru þannig alls 11. Endurskoðun friðlýsingar Varmárósa í Mosfellsbæ og Reykjanesfólkvangs var langt komin við árslok.

IV. Friðlýsingar á náttúruverndaráætlun í virkri vinnslu

Látrabjarg og nágrenni

Fyrst ber að nefna mögulega stofnun þjóðgarðs á Látrabjargi og í nágrenni þess enda líklega það verkefni sem mestan tíma tók af öllum friðlýsingarverkefnum ársins 2011. Þetta verkefni, sem var á náttúruverndaráætlun 2004-8 (og þar með þeirri sem nú er í gildi einnig) var endurvakið af sveitarstjórn Vesturbyggðar í byrjun árs, þegar sveitarfélagið tók þá ákvörðun að ráðast í deiliskipulag Látrasvæðisins. Upphaflega var eingöngu litið til mögulegrar friðlýsingar landsins frá Breiðavík suður í Keflavík, en komið hefur í ljós að talsvert margir landeigendur utan þess svæðis en innan svæðisins sem liggur vestan Kleifarheiðar hafa áhuga á að taka þátt í umræðu um mögulega friðlýsingu og jafnvel lýst áhuga á að friðlýsa sitt eigið land sem hluta þjóðgarðs ef af verður.

Um verkefnið var stofnaður starfshópur sem í upphafi sátu auk bæjarstjóra fulltrúi landeigenda að Látrum, Gísli Már Gíslason, Keran Stueland Ólason í Breiðavík, sem lýst hefur áhuga á að allt hans land verði friðlýst, Jón Þórðarson, fulltrúi ferðamálasamtaka Vestfjarða, og Anna Kristín Ólafsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar. Um mitt sumar bættist svo í hópinn Hákon Ásgeirsson, nýráðinn sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar. Hákon býr á Patreksfirði og starfar þar yfir vetrartímamann, en hafði aðstöðu í Breiðavík í fyrrasumar. Hann sinnir landvörslu á svæðinu og hefur yfrumsjón með landvörslu á sunnanverðum Vestfjörðum, þ.m.t. friðlandinu í Vatnsfirði auk þess að taka virkan þátt í undirbúningi vegna friðlýsingar Látrabjargs og nágrennis.

Undirbúningsvinnan á árinu 2011 fólst einkum í víðtækri kynningu og samráði við landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Haldnir voru alls átta opinberir fundir með ráðherra, landeigendum og sveitarstjórnarmönnum á sumar og haustmánuðum – sex fyrir vestan og tveir í Reykjavík, auk fjölda funda sem friðlýsingarsérfræðingur og nýráðinn sérfræðingur Umhverfisstofnunar á sunnanverðum Vestfjörðum áttu með einstökum landeigendum, fjölskyldum þeirra, sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum. Stofnaður var sérstakur hlekkur á heimasíðu stofnunarinnar um verkefnið og undir lok árs var undirbúningur fyrir útboð deiliskipulagsgerðar fyrir svæðið á lokaspretti. Þá hafði fengist samþykki vegamálastjóra fyrir því að vegur sem liggur í gegnum þorpið á Látrum verði færður ofar í landið, en það er skilyrði landeigenda fyrir frekari viðræðum um friðlýsingu.

Skerjafjörðurinn

Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar voru einnig endurvakin í upphafi ársins 2011 og þá að frumkvæði sveitarfélagsins Kópavogs sem boðaði í lok janúar fulltrúa nágrannasveitarfélaganna á sinn fund um verkefnið, þ.e. allra nema Garðabæjar sem þegar hefur friðlýst fjörðinn innan sinna marka. Í framhaldi voru haldnir tveir kynningarfundir á Umhverfisstofnun, fyrst með formönnum umhverfis- og skipulagsnefnda sveitarfélaganna þann 11. mars, en síðan með nefndunum og embættismönnum þann 29. apríl. Strax var ljóst að mestur áhugi var í Kópavogi sem nefndi að því að friðlýsa fjörðinn innan sinna marka fyrir áramót. Það tókst ekki þar sem minni hluti bæjarstjórnar óskaði eftir frestun á sameiginlegum fundi umhverfis- og skipulagsnefnda 12. desember. Var þá ákveðið að afgreiða málið á fyrsta fundi bæjarstjórnar í janúar 2012.

Fulltrúar Álftaness og Seltjarnarness sýndu einnig friðlýsingu Skerjafjarðar áhuga en fulltrúar Reykjavíkur lýstu því strax yfir í upphafi árs að þeir myndu ekki vinna að málinu fyrr en eftir að yfirstandandi aðalskipulagsgerð lyki. Fundur var haldinn með bæjaryfirvöldum á Seltjarnarnesi þann 3. júní en þar var óskað eftir minnisblaði um þýðingu friðlýsingar fyrir stjórnsýslu og almenning. Var það sent þann 5. júlí. Tveir fundir til viðbótar voru haldnir með yfirvöldum á Seltjarnarnesi í september, en síðan gerðist lítið þar til skilaboð bárust í lok október um að frekari vinnu yrði frestað fram yfir áramót vegna anna við fjárhagsáætlunargerð. Á Álftanesi var fundað með bæjarstjórn um miðjan október og var hann afar jákvæður. Þann 5. desember átti friðlýsingarsérfræðingur fund með bæjarstjóra og var ákveðið að halda tvo kynningarfundum um mögulega friðlýsingu í upphafi nýs árs, annan með landeigendafélagi en hinn yrði opin íbúafundur.

Friðlýsing plantna – háplantna, flétta og mosa

Mikilli vinnu var á árinu varið í undirbúning að friðlýsingu plantna en það verkefni hefur verið í umsjón umhverfisráðuneytisins. Í starfinu hefur verið fjallað um álitamál um hvaða réttaráhrif friðlýsing plantna og vaxtarsvæða þeirra muni hafa, hvernig beri að framfylgja friðlýsingunni, og hvernig eigi að standa að samráði við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um vaxtarstaði plantnanna séu þurfi að vera skýrari og meira uppfærðar en nú liggur fyrir til að tryggja framkvæmd og eftirfylgni friðlýsingarinnar. Friðlýsingu var ekki lokið fyrir árslok.

Austara Eylandið og Orravatnsrústir

Haft var samband við formann umhverfisnefndar Skagafjarðar snemma á árinu og óskað eftir fundi með henni og bæjarstýru um mögulega friðlýsingu þessara tveggja svæða. Símtalinu var fylgt eftir með formlegu bréfi þann 25. febrúar en engin svör bárust. Fyrirhugaðri ferð umhverfisráðherra og starfsmanna Umhverfisstofnunar norður þann 26. maí norður til að ræða þessi mál var frestað vegna anna bæjarstýru. Á ársfundi Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda í lok október var þráðurinn tekinn upp aftur og ákveðið að funda á Sauðárkróki í upphafi nýs árs um mögulegar friðlýsingar.

Gerpissvæðið

Umhverfisráðherra og fulltrúar ráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands heimsóttu svæðið þann 10. febrúar og funduðu með sveitarstjórnarmönnum. Ákveðið var að hefja vinnu að friðlýsingu Gerpissvæðisins og vinna hana skref fyrir skref eftir því sem áhugi landeigenda leyfði, þ.e. byrja á landi í eigu ríkis og sveitarfélags, og svo þeirra einkaaðila sem hlynntir væru friðlýsingu. Fundur var haldinn í Reykjavík með umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins þann 4. maí og ákveðið að funda með eigendum Barðsness um nálgun að verkefninu í kringum 1. júní. Einnig var ákveðið að umhverfisfulltrúinn myndi óska eftir jarðakorti frá Náttúrustofu Austurlands. Af ýmsum ástæðum þókaðist þó lítið áfram í verkefninu frá því á fundinum í maí.

Undirhlíðar í Nesjum – búsvæði tröllasmiðs

Haft var samband við sveitarstjóra þann 1. nóvember, sem var jákvæður gagnvart friðlýsingunni. Ákveðið var að funda um málið á nýju ári.

Þjórsárver

Unnið hefur verið áfram við undirbúning stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. Ljóst er að endanleg afstaða Alþingis til tillögu að rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða um flokkun Norðlingaölduveitu mun hafa ráðandi áhrif á niðurstöðu verkefnisins.

V. Friðlýsingar utan náttúruverndaráætlunar í virkri vinnslu

Svæði á aðalskipulagi Djúpavogshrepps

Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 til 2020 eru gerðar metnaðarfullar tillögur um friðlýsingu 15 svæða. Eitt þeirra, Tjarnir, voru friðlýstar í upphafi ársins 2011 en unnið var að undirbúningi friðlýsingar hinna á árinu. Óskað var eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um sérstöðu og verndargildi þeirra. Til að greiða fyrir þeirri vinnu var svæðum í eign sveitarfélagsins raðað fremst í forgang þeirra tillagna. Náttúrufræðistofnun svaraði því til að hún hefði einungis upplýsingar um eitt svæðanna, Blábjörg við Berufjörð, sem eru á náttúruminjaskrá. Leitað var til annarra aðila, svo sem Náttúrustofu Austurlands og Náttúruminjasafnsins, en það skilaði heldur ekki árangri. Hjörleifur Guttormsson var Umhverfisstofnun loks innan handar og sendi Ferðafélagsbækur með upplýsingum um flest svæðin, aðallega þó sagnfræðilegs eðlis. Ákveðið var að byrja á að kanna afstöðu landeigenda Blábjarga, sem reyndust jákvæðir gagnvart friðlýsingu, svo stefnan var tekin á það verkefni. Þá fundaði friðlýsingarsérfræðingur Umhverfisstofnunar og oddviti Djúpavogs með fulltrúa RARIK um hvort



hægt væri að færa raflínur á fyrirhuguðum friðlýstum svæðum eða leggja í jörð. Fundinum var fylgt eftir með bréfi, dags. 31. maí. Þann 17. ágúst barst svar RARIK þar sem fálega var tekið í erindið, tilgreint að ekki væri á áætlun að endurnýja línur á svæðinu næstu tvo áratugina, en til að hnika endurnýjun raflína upp forgangslistann væri hægt að greiða flýttigjald. Áfram var unnið að friðlýsingu Blábjarga.

Búrfell og Búrfellshraun í Garðabæ

Fyrst var óskað eftir fundi með skipulagsstjóra og garðyrkjustjóra um málið þann 17. febrúar og hefur sú ósk verið formlega ítrekuð í tvígang en án árangurs. Að sögn garðyrkjustjóra felst fyrirstaðan einkum í því að samningaviðræður við Oddfellowhreyfinguna í Garðabæ, sem á hluta svæðisins, ganga ekki sem skyldi.

Fuglasvæði í Flóa

Þann 10. október funduðu fulltrúi Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis með Ragnhildi Sigurðardóttur, forstöðumanni Votlendisseturs á Hvanneyri, vegna hugmynda um friðlýsingu landssvæða í Flóanum vegna mikilvægis þeirra til verndar og endurheimtar votlendis og búsvæði fugla. Tillögur þessar tengjast einnig klasaverkefninu „Fuglar á Suðurlandi“ og þar með skipulagi sjálfbærrar náttúruferðaþjónustu í Árborg. Svæðin sem um ræðir eru:

1. Ríkisjörðin Flóagafsmýri og hverfisverndað fuglafriðland sem eitt svæði
2. Jarðirnar Stóra-Hraun (eign ríkisins), Borg IV (í eign Árborgar) og Stokkseyrarsel (í einkaeign) sem eitt svæði
3. Strandlengjan frá Óseyrarnesi til Loftstaðarhóls í samræmi við Náttúruverndaráætlun - Aðferðafræði og hverfisvernd skv. Aðalskipulagi Árborgar.

Kynningarfundir voru haldnir um málið með sveitarstjórn og nefndum Árborgar 22. nóvember og með stjórn Fuglaverndarfélagssins 24. nóvember. Fljótlega varð ljóst að mestur áhugi væri á tillögu eitt, a.m.k. til að byrja með, einkum eftir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið lýsti því yfir að það væri tilbúið að láta Flóagafsmýri til friðlýsingar. Þann 1. desember voru aðilum send drög að friðlýsingarskilmálum til skoðunar.

Kringilsárrani

Landgræðslustjóri og fulltrúar Landsvirkjunar funduðu með fulltrúum Umhverfisstofnunar þann 16. nóvember og óskuðu eftir breytingu á friðlýsingarskilmálum til að greiða fyrir mótvægisáðgerðum vegna áfoks úr Háslóni. Ákveðið var að nýta veturinn til að undirbúa breytingar sem leyfðu Landgræðslunni ákveðnar aðgerðir sem Umhverfisstofnun hefði fyrirfram samþykkt. Fyrst þyrfti þó að kynna hugmyndina fyrir ráðuneytinu.



Seljahjallagil, Bláhvammur og nágrenni

Í lok sumars höfðu Umhverfisstofnun og ráðuneytið spurnir af áhuga landeigenda á friðlýsingu svæðisins. Fundur var haldinn með þeim þann 8. ágúst og voru viðbrögð afar jákvæð. Haustið fór í vinnslu á korti og skilmálum sem tilbúnir voru í lok október. Málið var kynnt á sveitarstjórnarfund þann 8. desember, en frestað fram á fyrsta fund nýs árs.

Sléttaból á Brunasandi, Skaftárhreppi

Um miðjan október barst ósk umhverfisráðuneytis um að kannaður yrði möguleiki á friðlýsingu jarðarinnar Sléttabóls í Skaftárhreppi, sem er í eign ríkisins. Til stóð að selja jörðina en fyrir tilstuðlan Fuglaverndarfélagssins og o.fl. var fallið frá söluinni m.a. vegna mikilvægs þórshanavarps á svæðinu. Sléttaból og jörðin Hraunból, sem er í einkaeign eru óskiptar innan sömu landamerkjja. Óskað var eftir upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem var kunnugt um fuglalífíð og hefur ekki viljað leyfa nein afnot af jörðinni vegna þess. Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Suðurlands, Klausturstofa, og Fuglavernd hafa öll lýst yfir áhuga á friðlýsingu svæðisins m.t.t. rannsóknagildis. Þann 24. nóvember var haldinn fundur með Jóhanni Óla Hilmarssyni, formanni Fuglaverndar og Tómasi G. Gunnarssyni Háskólasetri Suðurlands, sem báðir ítrekuðu áhuga sinn. Mikilvægt er að kanna hug landeigenda Hraunbóls til friðlýsingar.

Víðgelmir

Í janúar kom fyrirspurn frá ábúendum í Fljótstungu og eigendum hellisins Víðgelmis hvernig þau gætu unnið að friðlýsingu hans. Var þeim sent minnisblað um friðlýsingarferlið og hvað fælist í friðlýsingunni. Í upphafi sumars var svo haft samband við þau símleiðis og voru þau enn áhugasöm um friðlýsinguna en óskuðu frekari upplýsinga. Í framhaldi voru þeim send friðlýsingardrög fyrir Kalmanshelli þann 11. júlí til kynningar, en þann 4. nóvember barst tölvupóstur frá landeigendum um að þeir hefðu ekki lengur áhuga á friðlýsingu að svo stöddu.

VI. Friðlýsingaráform í bið

Eins og fram kom í upphafi þessarar skýrslu var tekin sú ákvörðun að flokka svæði sem áformað er að friðlýsa í þrjá flokka: þau sem mestur áhugi virtist vera á að friðlýsa, þau sem eru í virkri vinnslu en hægar ganga, og þau svæði þar sem lítill eða enginn áhugi virðist vera á friðlýsingu. Er þessi nálgun valin þar sem sú aðferð sem gildandi lög gera ráð fyrir við friðlýsingu er samningagerð. Svæðin sem féllu í síðasta hópinn voru sett í bið og því hefur engin undirbúningsvinna farið fram hvað þau varðar. Þessi svæði eru:

- Álftanes-Akrar-Löngufjörur (NVÁI)
- Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur (NVÁII)
- Eyjólfssstaðaskógur (NVÁII)
- Heiðmörk (Skógræktarfélag Reykjavíkur)
- Snæfjallaströnd

VII. Hindranir í friðlýsingum

Ríkisstjórnin gerði sérstaka samþykkt um að unnið yrði að friðlýsingu Gjástykkis í Skútustaðahreppi. Þrjár fundir voru haldnar með landeigendum og viðkomandi sveitarstjórnunum um málið á vormánuðum, en strax í upphafi kom fram mikil andstaða hjá þeim öllum. Vildu þau halda inni þeim möguleika að koma upp virkri borholu í miðju hrauninu en umhverfisráðherra lagði áherslu á heildstæða nálgun við undirbúning friðlýsingar. Viðræðurnar fóru í strand í mars og komu formlegar bókanir frá öllum sveitarstjórnunum og landeigendafélagi Reykhlíðunga um slit viðræðna. Engu að síður var ákveðið að hefja viðræður um friðlýsingu tveggja annarra svæða í eigu Reykjahlíðar, Hrafninnuhryggs og Hvera (Námaskarðs). Voru þær viðræður langt komnar þegar tillögur nefndar um rammaáætlun voru kynntar en þar er gert ráð fyrir að Gjástykki lendi í flokki friðunar. Í kjölfarið slitu Reykhlíðungar einnig viðræðum um friðlýsingu Hrafninnuhryggs og Hvera. Rætt hafði verið um að friðlýsing Leirhnúks, Jarðbaðshóla og Gjánna kæmu einnig til greina ef hinar friðlýsingarnar tvær gengju eftir en þær virðast nú líka úti af borðinu, í bili a.m.k.

Drög að friðlýsingu Hólavatsnáss lágu fyrir sumarið 2011 og þótti líklegt að af friðlýsingaráformum yrði, en skv. upplýsingum frá sérfræðingi Umhverfisstofnunar á Mývatni eru landeigendur nú orðnir afhuga þeim.

Varðandi Flateyjardal-Náttfaravík sem er svæði á náttúruverndaráætlun þá bókaði sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 24. febrúar, 2011, að hún legðist gegn friðlýsingu.

Umhverfisstofnun lagði til þann 14. júlí 2010 að friðlýst yrði sú landsspilda innan Geysissvæðisins sem er í eign ríkisins. Sveitarstjórn hafnaði þeirri tillögu á þeim forsendum að hún vildi sjá heildarlausn fyrir framtíð svæðisins. Enginn botn fékkst í málið á árinu 2011, þrátt fyrir óformlegar þreifingar.

VIII. Lokaorð

Senn mun framkvæmdatími annarrar náttúruverndaráætlunar renna sitt skeið. Eðlilegt er að nýta tækifærið, skoða reynsluna, og rýna í forgangsroðun og aðferðafræði við friðlýsingar, áður en undirbúningur þriðju áætlunarinnar hefst. Markmið náttúruverndaráætlunar er að „koma upp neti verndarsvæða, byggðu á faglegum forsendum, til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.“ Eðli máls samkvæmt hefur það verið meginstefna Umhverfisstofnunar að forgangsraða svæðum á Náttúruverndaráætlun í vinnu stofnunarinnar við friðlýsingar. Þegar lítið er til þeirra svæða sem friðlýst hafa verið frá því að fyrsta áætlunin tók gildi er hins vegar ljóst að sú nálgun ein er ekki endilega líklegust til árangurs. Aðeins þrjú svæði af þeim 15 sem fyrsta náttúruverndaráætlunin tók til hafa verið friðlýst, auk þess sem áfangasígar hafa unnist í friðlýsingu Skerjafjarðarsvæðisins. Aðeins þrjú svæði, Hálsar, búsvæði tjarnarklukku í Djúpavogshreppi, svæði í Skaftártungum og á Síðuafretti og Langisjór og nágrenni hafa verið friðlýst af þeim 14 sem tilnefnd voru til viðbótar á náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Eins og nefnt var hér í upphafi sýnir reynslan að grunnforsenda þess að friðlýsingaferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar, einkum sveitarfélög og landeigendur, séu áhugasamir um verkefnið og að gott samstarf takist við þá. Brýnt er að auka samstarf og samráð við þessa aðila á frumstigi málsins, þ.e. í áætlunargerðinni sjálfri þannig að hagsmunaaðilum sé falið meira frumkvæði um tilnefningu svæða til friðlýsingar í þeirra heimabyggð, án þess þó að metnaðarfull áform í náttúruvernd verði gefin eftir. Með slíkum vinnubrögðum yrði eftirleikurinn greiðari, enda mikill kostur ef gert er ráð fyrir friðlýsingu í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélags. Ekki síst á það við ef um er að ræða svæði þar sem orku er að finna eða svæðið telst til verðmætt til annarra nota svo sem íbúabyggðar. Einnig þarf að taka til skoðunar, að mati stofnunarinnar, að fjölga stjórnstækjum í undirbúningsferli friðlýsinga sem fela í sér nýja nálgun og ný tækifæri í héraði. Huga þarf að samþættingu aðgerða ríkisvaldsins sem áhrif kunna að hafa á ráðstofun lands og umgengni við það.

Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun æskilegt að hugmynda- og aðferðafræði náttúruverndaráætlunar verði endurskoðuð og í framtíðinni horft í auknum mæli til þess hvernig Natura 2000 svæðin eru valin og undirbúningur að verndun þeirra unnin, t.d. í Danmörku, Finlandi og Svíþjóð. Þar er fyrsta skrefið greining á svæðum sem kunna að hafa náttúruverndargildi út frá samræmdum vísindalegum viðmiðunum, en síðan er lögð höfuðáhersla á að vinna tillögur að friðlýsingu tiltekins hlutfalls slíkra svæða á grundvelli tillagna frá sveitarfélögum, landeigendum og almenningi um hvaða svæði séu líklegust til að ná markmiðum friðunar.



UMHVERFISSTOFNUN

AKUREYRI	EGILSSTAÐIR	ÍSAFJÖRÐUR	MÝVATN	REYKJAVÍK	SNÆFELLSNES	PATREKSFJÖRÐUR	VESTMANNAEYJAR
Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri sími 591 2000	Tjarnarbraut 39 700 Egilsstöðum sími 591 2115	Mánagötu 2 400 Ísafirði sími 591 2000	Hraunvegi 8 660 Mývatni sími 591 2000	Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík sími 591 2000	Klettsbúð 7 360 Hellissandi sími 436 6860	Aðalstræti 67 450 Patreksfirði sími 591 2000	Strandavegi 50 900 Vestmannaeyjum sími 591 2000